

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 2011 í máli nr. S-148/2010:

Ákærvaldið

(Eyjólfur Ármannsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Jóni Arnari Pálmasyni,

(Garðar G. Gíslason hdl.)

Jóni S. Ástvaldssyni,

(Ásmundur G. Vilhjálmsson hdl.)

Rúnari Þór Jónssyni,

(Garðar Guðmundur Gíslason hdl.)

Jóni Gunnari Edvardssyni og

(Marteinn Másson hrl.)

Jóntaki ehf.

(Garðar G. Gíslason hdl.)

I

Málið, sem dómtekið var 5. janúar síðastliðinn, er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra útgefinni 22. febrúar 2010 á hendur „Jóni Arnari Pálmasyni, kennitala 000000-0000, Asparási 1, Garðabæ, Jóni S. Ástvaldssyni, kennitala 000000-0000, Unufelli 23, Reykjavík, Rúnari Þór Jónssyni, kennitala 000000-0000, Hvammshlíð 2, Akureyri, Jóni Gunnari Edvardssyni, kennitala 000000-0000, Jóruseli 4, Reykjavík, og Jóntaki ehf., kennitala 000000-0000, Dugguvogi 6, Reykjavík, fyrirsvarsmaður Jón Arnar Pálmason, kennitala 000000-0000, fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum framin í rekstri ákærða einkahlutafélagsins Jóntak (áður Protak), sem ákærði Jón Arnar var starfandi framkvæmdastjóri fyrir, einnig stjórnarformaður frá 30.03.2007 og prókúruhafi frá 02.08.2006 og áður varastjórnarmaður til 30.03.2007, ákærði Jón S. var stjórnarformaður, prókúruhafi og skráður framkvæmdastjóri fyrir til 30.03.2007, ákærði Rúnar Þór var skráður framkvæmdastjóri og stjórnarmaður fyrir til 30.03.2007, prókúruhafi frá 14.06.2006 og varastjórnarmaður frá 30.03.2007 til 18.04.2007, og ákærði Jón

Gunnar var skráður framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi frá 30.03.2007, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum fyrir hönd félagsins á lögmæltum tíma vegna uppgjörstímabilanna janúar-febrúar 2007 til og með september-október 2007, og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna tímabilanna september-október 2006 til og með september-október 2007, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 18.617.412, sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>	<i>Vantalin skattskyld velta:</i>	<i>Vangoldinn VSK:</i>
Árið 2006		
september-október		kr. 2.078.537
nóvember-december		kr. 1.809.145
Samtals:	-	<u>kr. 3.887.682</u>

Árið 2007		
mars-apríl	kr. 12.107.412	kr. 2.394.141
maí-júní	kr. 36.579.465	kr. 7.647.918
júlí-ágúst	kr. 12.543.949	kr. 804.467
september-október	<u>kr. 27.110.757</u>	<u>kr. 5.236.379</u>
Samtals:	<u>kr. 87.424.245</u>	<u>kr. 14.729.730</u>
Samtals 2006 og 2007:	-	
	<u>kr. 87.424.245</u>	<u>kr. 18.617.412</u>

2. Staðið skil á efnislega röngum skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda vegna tímabilanna júlí og ágúst 2006, og eigi staðið skil á skilagreinum vegna

staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna tímabilanna september 2006 til og með október 2007 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna tímabilanna júlí 2006 til og með október 2007, samtals að fjárhæð kr. 4.899.680 hvað varðar Jón S, samtals að fjárhæð kr. 5.187.096 hvað varðar Rúnar Þór, samtals að fjárhæð kr. 14.488.547 hvað varðar Jón Arnar og Jöntak ehf., og samtals að fjárhæð kr. 8.513.942 hvað varðar Jón Gunnar, sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil: staðgreiðsla</i>	<i>Vangoldin staðgreiðsla</i>	<i>Vangoldin</i>
<i>Rúnar Þór:</i>	<i>hvað varðar Jón S:</i>	<i>hvað varðar</i>
Árið 2006		
júlí	kr. 674.011	kr. 750.736
ágúst	kr. 528.157	kr. 604.882
september	kr. 628.717	kr. 652.565
október	kr. 368.789	kr. 392.637
nóvember	kr. 750.385	kr. 774.233
desember	<u>kr. 476.881</u>	<u>kr. 500.729</u>
	<u>kr. 3.426.940</u>	<u>kr. 3.675.782</u>
Árið 2007		
janúar	kr. 417.576	kr. 436.863
febrúar	<u>kr. 1.055.164</u>	<u>kr. 1.074.451</u>
	<u>kr. 1.472.740</u>	<u>kr. 1.511.314</u>
Samtals	<u>kr. 4.899.680</u>	<u>kr. 5.187.096</u>

*Greiðslutímabil:
staðgreiðsla*

Vangoldin staðgreiðsla

Vangoldin

Jón Gunnar:

hvað varðar Jón Arnar

hvað varðar

og Jöntak ehf.:

Árið 2006

júlí kr. 750.736

ágúst kr. 604.882

september kr. 652.565

október kr. 392.637

nóvember kr. 774.233

desember kr. 500.729

kr. 3.675.782

—

Árið 2007

janúar kr. 436.863

febrúar kr. 1.074.451

mars kr. 1.043.015 kr. 944.858

apríl kr. 303.290 kr. 205.133

maí kr. 684.501 kr. 586.344

júní kr. 1.430.302 kr. 1.332.145

júlí kr. 824.705 kr. 726.548

ágúst kr. 1.830.983 kr. 1.730.573

september kr. 1.582.022 kr. 1.483.865

október kr. 1.602.633 kr. 1.504.476

kr. 10.812.765

kr. 8.513.942

Samtals

kr. 14.488.547

kr. 8.513.942

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 1. tölulið ákæru.

b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 2. tölulið ákæru.

Framangreind brot ákærða Jöntak ehf. samkvæmt ákæru teljast varða við:

c) 8. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt að því er varðar 1. tölulið ákæru, sbr. tilvitnuð ákvæði í a) lið að framan.

d) 9. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda að því er varðar 2. tölulið ákæru, sbr. tilvitnuð ákvæði í b) lið hér að framan.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Fallið var frá ákæru á hendur Jöntaki ehf.

Ákærðu neita sök og krefjast sýknu, en til vara vægustu refsingar. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Fyrirtækið Protak ehf. var stofnað 9. september 2003 af ákærða Jóni S. og öðrum manni. Tilgangur þess var verktakastarfsemi, ráðgjöf, heildsala og smásala á byggingamarkaði. Sumarið 2005 keypti ákærði Jón Arnar hlut félaga ákærða Jóns S. í félaginu og í mars 2007 keypti ákærði Jón Gunnar hlut ákærða Jóns S. Nafni félagsins var breytt í Jöntak ehf. 9. febrúar 2009. Málavextir varðandi málið, sem hér er til úrlausnar, eru þeir að skattrannsóknastjóri hóf í desember 2007 rannsókn á bókhaldi og skattskilum Protaks ehf. vegna rekstrarársins 2006 til og með október 2007. Að lokinni rannsókn var málið sent efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra 2. desember 2008. Áður hafði það verið sent ríkisskattstjóra til endurákvörðunar opinberra gjalda. Rannsókn lögreglu, sem leiddi til útgáfu ákærunnar, er byggð á rannsókn skattrannsóknastjóra. Þá hefur verið aflað vottorða fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra um trúnaðar- og stjórnunarstörf ákærðu fyrir félögin á þeim tímabilum sem í ákæru greinir. Jöntak ehf. var úrskurðað gjaldþrota 12. maí 2010.

III

Ákærði Jón Arnar Pálmason neitaði að hafa verið starfandi framkvæmdastjóri fyrirtækisins eins og hann er ákærður fyrir en kannaðist við að hafa verið stjórnarformaður, prókúruhafi og varastjórnarmaður eins og rakið er í ákæru. Hann kvaðst hafa átt helming í fyrirtækinu og verið titlaður markaðsstjóri. Hann kvaðst hafa séð um verksamninga, leit að verkefnum og stjórn á verkstað. Hann hafi ekki séð um bókhald eða fjármál. Hann hafi þó haft prókúru og þess vegna greitt ýmsa reikninga. Þá kvaðst hann hafa komið að stjórn fyrirtækisins en hann hafi ekki verið framkvæmdastjóri eða stýrt því umfram það sem leiddi af framangreindum störfum. Hann kvaðst ekkert geta tjáð sig um skil á skattskýrslum og greiðslu opinberra gjalda á þeim tíma sem um ræðir ákæran nær til. Hann kvaðst hafa vitað að launagreiðslur voru í skilum og talið að aðrar greiðslur væru einnig í skilum. Meðákærðu, Jón S. og Jón Gunnar, hafi verið framkvæmdastjórar eins og rakið er í ákæru en meðákærði Rúnar Þór, sem er sonur ákærða, hafi aldrei komið að rekstrinum þótt hann hafi verið skráður framkvæmdastjóri, en sú skráning hafi verið til málamynda.

Ákærði Jón S. Ástvaldsson neitaði sök. Hann kannaðist við að hafa verið stjórnarformaður og prókúruhafi eins og rakið er í ákærunni en neitaði að hafa verið skráður framkvæmdastjóri. Ákærða var sýnd tilkynning til ríkisskattstjóra þar sem tilkynnt er að hann hafi verið tilkynntur sem framkvæmdastjóri félagsins. Hann kannaðist við að hafa ritað nafn sitt á skjalið en neitaði að hafa verið framkvæmdastjóri þess þrátt fyrir tilkynninguna. Hann kvaðst á sínum tíma hafa ráðið Jón Frey Sigurðsson, systurson sinn, sem framkvæmdastjóra og fylgst með rekstrinum í gegnum hann. Ákærði kvað aðalstarf sitt hjá félaginu hafa verið að stjórna verkunum. Eftir að Jóni Frey hafi verið sagt upp hafi meðákærði Jón Arnar tekið við framkvæmdastjórn en meðákærði Rúnar Þór hafi ekki komið að rekstrinum eða störfum hjá félaginu. Sjálfur kvaðst ákærði hafa verið stjórnarformaður auk þess að starfa við verkin. Ákærða var bent á að hann hafi verið skráður framkvæmdastjóri og kvað hann sér hafa verið ljóst hvað það þýddi í grófum dráttum. Hann ítrekaði að meðákærði Jón Arnar hafi verið framkvæmdastjóri en gat ekki svarað því af hverju hann var ekki skráður sem slíkur. Meðákærði Jón Arnar hafi tekið allar aðalákvarðanir en sjálfur hafi hann komið að þeim, þó aðallega þeim sem snertu verkin sem þeir voru að vinna. Sími félagsins hafi til dæmis verið stilltur á gemsa meðákærða. Ákærði kvað sig hafa grunað að eitthvað væri í ólagi með fjármálin hjá fyrirtækinu, þar á meðal með skattskil, eftir að Jón Freyr hætti og viljað fá fyrirtæki til að annast þau mál en það hafi meðákærði ekki viljað.

Ákærði Rúnar Þór Jónsson, sonur meðákærða Jóns Arnars, kannaðist við að hafa verið skráður í trúnaðarstöður hjá félaginu eins og rakið er í ákærunni en í raun hafi hann engum störfum gegnt fyrir það. Hann hafi látið skrá sig í þessar stöður til að hjálpa föður sínum þar eð hann hafði verið úrskurðaður gjaldþrota á sínum tíma. Þessar skráningar, sem voru að frumkvæði meðákærða, hafi bara átt að vera í stuttan tíma. Hann kvaðst aldrei hafa mætt á fundi hjá félaginu.

Ákærði Jón Gunnar Edvardsson kvaðst hafa verið skráður framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi eins og rakið er í ákæru. Hann kvaðst á sínum tíma hafa keypt sig inn í félagið eftir að hafa haft samráð við meðákærða Jón Arnar. Ákærði kvaðst hafa byrjað að vinna við tölvukerfi félagsins og hafi hann unnið við það áður en hann eignaðist hlut í því. Eftir að hann keypti hlutinn hafi hann og meðákærði átt félagið og rekið. Ákærði var framkvæmdastjóri og meðákærði stjórnarformaður. Í raun hafi þó meðákærði ráðið því sem hann vildi ráða og kvaðst ákærði ekki hafa gert sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgdi því að vera framkvæmdastjóri. Hann kvað bókhald ekki hafa verið fært og skattaskýrslum ekki skilað eftir að hann kom að félaginu. Ástæðan hafi verið sú að meðákærði Jón Arnar vildi ekki láta sama fyrirtæki annast þetta og hafði gert það áður. Hafi það verið vegna tengsla þess fyrirtækis við meðákærða Jón S. Ástvaldsson.

Jón Freyr Sigurðsson, sem áður var getið um, bar að hafa verið framkvæmdastjóri Protaks ehf. frá miðju ári 2005 til miðs árs 2006. Hann kvað þáverandi eigendur hafa ráðið sig. Sér hafi svo verið tilkynnt að verið væri að ráða nýjan framkvæmdastjóra og í framhaldinu hafi sér verið meinað um aðgang að gögnum félagsins. Við störfum sínum hafi tekið ákærði Jón Arnar og hafi hann svo tekið við framkvæmdastjórn félagsins. Jón Freyr kvað vörsluskatta hafa verið greidda eins og bar að gera meðan hann var framkvæmdastjóri. Þegar Jón Freyr var framkvæmdastjóri hafi ákærði Jón S. annast um ýmis verkleg störf hjá félaginu en ákærði Jón Arnar annast ýmis störf og hann hafi svo tekið við fjármálunum þegar Jón Freyr lét af störfum.

Þórir Örn Ólafsson viðskiptafræðingur var fenginn til að aðstoða Protak ehf. við fjármál þess á sínum tíma. Var það ákærði Jón S. sem fékk fyrirtæki vitnisins til þessa. Þetta var árið 2006 og í ársbyrjun 2007 voru lagðar fram tillögur til úrbóta í fjármálum félagsins. Ákærði vildi að farið yrði að tillögunum en meðákærði Jón Arnar vildi það ekki. Þórir kvaðst vita til þess að pappírsvinnan hjá félaginu hafi verið í höndum ákærða Jóns Arnars á þessum tíma en ákærði Jón S. hafi meira sinnt verkum á vinnustað.

IV

Ákærðu neita allir sök en hafa viðurkennt að hafa gegnt formlega þeim störfum hjá Protaki ehf., síðar Jöntaki ehf., sem í ákæru greinir. Þeir hafi þó ekki gegnt þeim störfum í raun nema að litlu leyti, eins og rakið var í kaflanum hér að framan. Ákærði Jón Arnar neitar þó alfarið að hafa verið starfandi framkvæmdastjóri eins og honum er gefið að sök. Þá hafa ákærðu ekki gert athugasemdir við fjárhæðir í ákæru en bent á að allar skattaskuldir hafi verið greiddar og hefur ákæruvaldið ekki andmælt því.

Með játningu ákærða Jóns Arnars Pálmasonar, sem styðst við önnur gögn málsins, er sannað að hann var stjórnarformaður, prókúruhafi og varastjórnarmaður eins og rakið er í ákæru. Hér að framan var gerð grein fyrir störfum hans fyrir félagið. Af því má ráða að hann hefur tekið virkan þátt í stjórn þess, enda helmingseigandi. Hins vegar var hann aldrei ráðinn framkvæmdastjóri og þar af leiðandi var fyrirtækjaskrá ekki tilkynnt um hann sem slíkan. Í 1. mgr. 41. gr. laga um

einkahlutafélög nr. 138/1994 er gert ráð fyrir að stjórn félags geti ráðið framkvæmdastjóra og í næstu greinum þar á eftir er gerð grein fyrir starfsskyldum hans og ábyrgð. Af þeim ákvæðum verður ekki annað ráðið en að þar sé eingöngu átt við framkvæmdastjóra sem ráðinn er til starfa samkvæmt nefndu ákvæði. Ákærði var ekki ráðinn framkvæmdastjóri og þótt sýnt hafi verið fram á að margt í störfum hans kunni að jaðra við störf framkvæmdastjóra verður við úrlausn málsins ekki byggt á öðru en því sem liggur formlega fyrir og hafnar dómur því að leggja til grundvallar að ákærði hafi verið starfandi framkvæmdastjóri.

Ákærði Jón S. Ástvaldsson hefur játað að hafa verið stjórnarformaður og prókúruhafi eins og rakið er í ákæru og styðst sú játning við gögn fyrirtækjaskrár. Gögn frá henni sýna og að hann var skráður framkvæmdastjóri eins og rakið er í ákæru og telst það því sannað þrátt fyrir neitun hans.

Ákærði Rúnar Þór Jónsson kannaðist við að hafa verið skráður í trúnaðarstöður hjá félaginu eins og rakið er í ákæru og gögn málsins styðja. Það er því sannað að hann hafi gegnt þessum stöðum í félaginu og breytir engu þótt hann hafi aðeins verið skráður til málamynda, en sá framburður hans fær stuðning í framburði meðákærðu eins og rakið var.

Ákærði Jón Gunnar Edvardsson viðurkenndi að hafa verið skráður framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi eins og greinir í ákæru. Styðst játning hans við gögn málsins.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að ákærðu hafi, við störf hjá framangreindum félögum, gerst sekir um brot þau sem þeim eru gefin að sök í ákærunni, nema hvað ákærði Jón Arnar verður sýknaður af því að hafa verið starfandi framkvæmdastjóri. Brot ákærðu eru rétt færð til refsíákvæða í ákærunni.

Við ákvörðun refsinga ákærðu ber að taka tilliti til þess að skattaskuldir félaganna hafa verið greiddar. Þá hafa ákærðu, Jón Gunnar og Rúnar Þór, hrein sakavottorð og hinir tveir hafa aðeins verið sektaðir fyrir umferðarlagabrot. Ákærðu verða, hver um sig, dæmdir í 2 mánaða fangelsi sem bundið skal skilorði eins og greinir í dómsorði. Þá verður ákærða Jóni Arnari gert að greiða 2.650.000 krónur í sekt, ákærðu, Jóni S. og Rúnari Þór, verður gert að greiða 1.600.00 krónur í sekt, hvorum um sig, og ákærða Jóni Gunnari 1.150.000 krónur. Í stað sektar kemur vararefsing eins og greinir í dómsorði.

Loks verða ákærðu dæmdir til að greiða málsvarnarlaun verjenda sinna eins og nánar greinir í dómsorði. Málsvarnarlaun verjenda Jóntaks ehf. skulu greidd úr ríkissjóði, sbr. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Ákærðu, Jón Arnar Pálmason, Jón S. Ástvaldsson, Rúnar Þór Jónsson og Jón Gunnar Edvardsson, sæti, hver um sig, fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsinga og þær falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins, haldi

ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jón Arnar Pálmason greiði 2.650.000 krónur í sekt og komi 68 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærðu, Jón S. Ástvaldsson og Rúnar Þór Jónsson, greiði, hvor um sig, 1.600.000 krónur í sekt og komi 52 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærði Jón Gunnar Edvardsson greiði 1.150.000 krónur í sekt og komi 40 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærði Jón Arnar Pálmason skal greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Garðars G. Gíslasonar hdl., 282.375 krónur.

Ákærði Jón S. Ástvaldsson skal greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Ásmundar Vilhjálmssonar hdl., 420.425 krónur.

Ákærði Rúnar Þór Jónsson skal greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Garðars G. Gíslasonar hdl., 282.375 krónur.

Ákærði Jón Gunnar Edvardsson skal greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Marteins Mássonar hrl., 420.425 krónur.

Málsvarnarlaun verjanda Jöntaks ehf., Garðars G. Gíslasonar hdl., 62.750 krónur, skulu greidd úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun er ákvörðuð með virðisaukaskatti.

Arngrímur Ísberg.